



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2024

**Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880**

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Eiginfjárfirlit.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7 -12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 415 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 425 m.kr. á sama tímabili 2023. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní námu 13.446 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 12.581 m.kr. á sama tímabili árið 2023. Eignir félagsins í lok tímabils námu 39.544 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 18.318 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 46,3%.

Þann 18. janúar var undirritaður kaupsamningur um kaup Símans á öllu hlutafé í félögunum BBI ehf., Dengsa ehf., og Billboard ehf. Fyrirtækin starfa á auglýsingamarkaði og styrkja enn frekar þjónustuframboð Símans á því sviði. Kaupverð fyrirtækjanna þriggja á efnadegi þann 27. mars nam 4.893 m.kr. að teknu tilliti til stöðu nettó vaxtaberandi skulda og veltufjármuna. Kaupverð var greitt með hlutafé í Símanum að nafnverði 101 m.kr. á genginu 9,886 og 3.714 m.kr. í peningum. Miðað við að forsendur Símans um að samlegð gangi eftir er áætlað að ársvelta Símans (e. pro-forma) aukist um 1.450 m.kr. og EBITDA um 800 m.kr. á ársgrundvelli.

Þann 8. júní var undirritaður kaupsamningur um kaup Símans á öllu hlutafé í Noona Iceland ehf. sem mun taka yfir innlendan rekstur Noona Labs ehf. Stefnt er að því að Síminn Pay muni stýra sameiginlegum rekstri fyrirtækjanna ásamt því að þróa nýjar lausnir Símans Pay inn í vistkerfi Noona. Kaupin eru háð hefðbundnum fyrirvara Samkeppniseftirlitsins sem er með kaupin til skoðunar.

Í dag, 27. ágúst, hefur Síminn Pay komist að samkomulagi við Rapyd Europe hf. um að Síminn Pay muni taka yfir kortalán og greiðsludreifingar VISA og MasterCard korthafa sem sett voru á laggirnar og starfrækt af hálfu Valitor. Með þessum viðskiptum munu kortalán um ellefu þúsund viðskiptavina Rapyd fyrir um 1.800 m.kr. færast áfram yfir til Símans Pay, dótturfélags Símans. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Á aðalfundi Símans hf. þann 14. mars 2024 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins vegna eigin hluta sem nam 125 m.kr. að nafnverði. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 265 m.kr. að nafnverði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi þann 5. apríl s.l. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins 2023 og 2024 hafa á tímabilinu janúar til júní verið keypt eigin bréf að nafnverði 24 m.kr. fyrir 234 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2024

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Valgerður Halldórsdóttir

Forstjóri

Orri Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024	2023	2024	2023
		1.4.-30.6.	1.4.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala	5	6.708	6.117	13.125	12.270
Kostnaðarverð sölu	6	(4.527)	(4.110)	(8.707)	(8.265)
Framlegð		2.181	2.007	4.418	4.005
Aðrar rekstrartekjur		163	166	321	311
Rekstrarkostnaður	7	(1.708)	(1.811)	(3.672)	(3.636)
Rekstrarhagnaður		636	362	1.067	680
Fjármunatekjur		178	124	361	384
Fjármagnsgjöld		(501)	(263)	(876)	(512)
Gengismunur		3	(6)	0	(18)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(320)	(145)	(515)	(146)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		316	217	552	534
Reiknaðir skattar		(72)	(38)	(137)	(109)
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins		244	179	415	425
EBITDA		1.726	1.410	3.161	2.725
Hagnaður á hlut					
Grunnhagnaður á hlut		0,09	0,06	0,16	0,13
Þynntur hagnaður á hlut		0,09	0,06	0,16	0,13

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		3.495	2.552
Leigueignir		1.534	732
Óefnislegar eignir		24.918	21.047
Aðrar eignir	9	450	431
	Fastafjármunir	<u>30.397</u>	<u>24.762</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.115	1.257
Viðskiptakröfur	11	2.280	2.279
Útlán	12	2.874	2.715
Aðrar skammtímakröfur	13	1.244	966
Handbært fé		1.634	1.810
	Veltufjármunir	<u>9.147</u>	<u>9.027</u>
	Eignir samtals	<u><u>39.544</u></u>	<u><u>33.789</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.594	2.517
Yfirverðsreikningur		861	0
Lögbundinn varasjóður		649	629
Annað bundið eigið fé		583	570
Óráðstafað eigið fé		13.631	13.884
	Eigið fé	<u>18.318</u>	<u>17.600</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		11.441	7.470
Leiguskuldbindingar		1.134	503
Tekjuskattsskuldbinding	15	276	232
	Langtímaskuldir	<u>12.851</u>	<u>8.205</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		2.226	2.281
Viðskiptaskuldir	16	3.517	4.261
Næsta árs afborganir langtímaskulda		429	0
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		456	276
Skattar til greiðslu		238	204
Aðrar skammtímaskuldir	17	1.509	962
	Skammtímaskuldir	<u>8.375</u>	<u>7.984</u>
	Skuldir samtals	<u>21.226</u>	<u>16.189</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>39.544</u></u>	<u><u>33.789</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af ársþlutareikningnum.

Eiginfjárfirlit 30. júní 2024

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2023	4.242	495	1.061	576	28.887	35.261
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins					425	425
Greiddur arður (0,12 á hlut)				(499)	(499)
Hlutafjárlækkun	(1.429)	(357)	(13.794)	(15.580)
Keypt eigin bréf	(134)	(495)	(34)	(789)	(1.452)
Fært af bundnu eigin fé				(18)	18	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					6	6
Eigið fé 30.6.2023	2.679	0	670	558	14.254	18.161
Eigið fé 1.1.2024	2.517	0	629	570	13.884	17.600
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins					415	415
Greiddur arður (0,2 á hlut)				(500)	(500)
Keypt eigin bréf	(24)	(38)	20	(192)	(234)
Seld eigin bréf	101	899				1.000
Fært á bundið eigið fé				13	(13)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga					37	37
Eigið fé 30.6.2024	2.594	861	649	583	13.631	18.318

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024		2023	
		1.4.-30.6.	1.4.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		636	362	1.067	680
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir		1.090	1.048	2.094	2.045
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0 (5)	0 (5)		
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		16	6	37	6
		<u>1.742</u>	<u>1.411</u>	<u>3.198</u>	<u>2.726</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)		121 (239)	124 (241)		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		498	390	0 (89)	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(262)	(168)	56	168
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>357 (17)</u>	<u>180 (162)</u>		
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>2.099</u>	<u>1.394</u>	<u>3.378</u>	<u>2.564</u>
Innborgaðir vextir		155	124	330	392
Greiddir vextir		(494)	(248)	(737)	(398)
Greiddir skattar		(143)	(236)	(233)	(394)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.617</u>	<u>1.034</u>	<u>2.738</u>	<u>2.164</u>
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(294)	(221)	(575)	(489)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(477)	(742)	(1.497)	(2.090)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	10	9	10
Útlán, breyting		(88)	(288)	(207)	(554)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé	14	0	0	(3.732)	0
Sala á verðbréfi		0	0	0	15.685
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(859)</u>	<u>(1.241)</u>	<u>(6.002)</u>	<u>12.562</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður		(499)	0	(499)	(499)
Kaup eigin bréfa		(43)	809	(234)	(1.452)
Útgreitt hlutafé		0	0	0	(15.580)
Tekin ný langtímalán		0	0	4.500	0
Afborganir langtímalána		(246)	0	(246)	0
Afborganir leiguskuldbindinga		(99)	(66)	(168)	(129)
Skammtímalán, breyting		<u>(262)</u>	<u>(21)</u>	<u>(262)</u>	<u>(21)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.149)</u>	<u>(896)</u>	<u>3.091</u>	<u>(17.681)</u>
Lækkun á handbæru fé		(391)	(1.103)	(173)	(2.955)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(1)	(2)	(3)	(39)
Handbært fé í byrjun tímabilsins		2.026	1.832	1.810	3.721
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.634</u>	<u>727</u>	<u>1.634</u>	<u>727</u>

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árslutareikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til júní 2024 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símans hf. eru Síminn Pay ehf., Radiómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Dengsi ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og afþreyingar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 27. ágúst 2024.

2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2023.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

* Breyting hefur verið gerð á starfsþáttayfirliti félagsins. Talsímaþjónusta hefur verið sýnd sem starfsþáttur en frá og með 2024 er Talsímaþjónusta færð undir starfsþáttinn Annað. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

Starfsemi félagsins skiptist í fimm starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Vörusala búnaðar:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Tekjur tengdar fjarskiptum, talsímaþjónustu, upplýsingatækni og fjármálum. Tekjur Billboard ehf., Dengsa ehf. og BBI ehf. eru færðar hér.

Starfsþættir 1.1.-30.6.2024	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	3.318	4.129	3.916	823	1.260	13.446
Óskipt rekstrargjöld						(10.285)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)						3.161
Afskriftir						(2.094)
Hrein fjármagnsgjöld						(515)
Reiknaðir skattar						(137)
Hagnaður tímabilsins						415
Fjárfestingar						(2.063)
Óskiptar eignir 30.6.2024						39.544
Óskiptar skuldir 30.6.2024						21.226

Starfsþættir 1.1.-30.6.2023	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað*	Samtals
Rekstrartekjur	3.105	3.955	3.633	878	1.010	12.581
Óskipt rekstrargjöld						(9.856)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)						2.725
Afskriftir						(2.045)
Hrein fjármagnsgjöld						(146)
Reiknaðir skattar						(109)
Hagnaður tímabilsins						425
Fjárfestingar						(2.569)
Óskiptar eignir 30.6.2023						32.975
Óskiptar skuldir 30.6.2023						14.814

Skýringar

5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

	2024	2023
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala á þjónustu	12.243	11.319
Vörusala	882	951
	<u>13.125</u>	<u>12.270</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	712	497
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	5.369	5.060
Samtengigjöld	311	336
Kostnaðarverð seldra vara	780	846
Eignfærð vinna	(59)	(70)
Afskriftir	1.594	1.596
	<u>8.707</u>	<u>8.265</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	1.783	1.794
Markaðs- og sölukostnaður	282	270
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	126	185
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	513	545
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	468	392
Afskriftir	500	450
	<u>3.672</u>	<u>3.636</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	359	382
Fenginn arður	2	2
	<u>361</u>	<u>384</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(702)	(363)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(41)	(25)
Niðurfærsla útlána	(106)	(65)
Önnur fjármagnsgjöld	(27)	(59)
	<u>(876)</u>	<u>(512)</u>

Gengismunur	0	(18)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(515)</u>	<u>(146)</u>

Skýringar

9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	30.6.2024	31.12.2023
Fjárfesting í öðrum félögum	8	8
Sjónvarpsefni til sýningar	310	240
Fyrirframgreiddur kostnaður	8	0
Útlán til meira en 12 mánaða	124	183
Aðrar eignir samtals	<u>450</u>	<u>431</u>

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	711	639
Sjónvarpsefni til sýningar	404	618
Birgðir samtals	<u>1.115</u>	<u>1.257</u>

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.373	2.357
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(93)	(78)
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.280</u>	<u>2.279</u>

12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

Útlán 30.6.2024:	Brúttó bókfært virði	Fært meðal langtíma-krafna	Vænt útlánatap	Útlán samtals
Léttkaup fastar greiðslur 1-36 mán	767	(123)	(57)	587
Léttkort, sveigjanlegar greiðslur	2.390	0	(103)	2.287
	<u>3.157</u>	<u>(123)</u>	<u>(160)</u>	<u>2.874</u>

Útlán 31.12.2023:

Léttkaup, fastar greiðslur 1-36 mán	1.007	(183)	(64)	760
Léttkort, sveigjanlegar greiðslur	2.000	0	(45)	1.955
	<u>3.007</u>	<u>(183)</u>	<u>(109)</u>	<u>2.715</u>

13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2024	31.12.2023
Fyrirframgreiddur kostnaður	897	719
Áfallnir vextir	39	8
Aðrar skammtímakröfur	308	239
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>1.244</u>	<u>966</u>

Skýringar

14. Kaup á dótturfélagi

Þann 27. mars var undirritaður kaupsamningur um kaup Símans á öllu hlutfé í félögunum BBI ehf., Dengsa ehf., og Billboard ehf. Fyrirtækin starfa á auglýsingamarkaði og styrkja enn frekar þjónustuframboð Símans á því sviði. Kaupverð var greitt með hlutfé í Símanum að nafnverði 101 m.kr. á genginu 9,886 og 3.714 m.kr í peningum auk kostnaðar við kaupin. Auk þess er áætlað að greiða þurfi 150 m.kr við lokauppgjör viðskiptanna.

Rekstrarfjármunir	1.743
Veltufjármunir	309
Samtals eignir	<u>2.052</u>
Langtímaskuldir	910
Skammtímaskuldir	655
Samtals skuldir	<u>1.565</u>
Hrein eign	487
Kaupverð	4.893
Viðskiptavild	4.406

15. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:	30.6.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	232	89
Breyting skatthlutfalls.....	12	0
Kaup á dótturfélagi.....	82	0
Tekjuskattur tímabilsins.....	99	346
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	(149)	(204)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	1
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>276</u>	<u>232</u>

16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	3.015	2.980
Áfallinn kostnaður	502	1.281
Viðskiptaskuldir samtals	<u>3.517</u>	<u>4.261</u>

17. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	650	489
Ógreidd laun og launatengd gjöld	359	159
Ógreiddur virðisaukaskattur	296	314
Aðrar skammtímaskuldir	204	0
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.509</u>	<u>962</u>

18. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2020 að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Síminn og Samkeppniseftirlitið höfðuðu mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. október 2022 var að fella ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi og gerði Samkeppniseftirlitinu að endurgreiða Símanum 200 m.kr. auk dráttarvaxta. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði dóminum til Landsréttar. Landsréttur staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms með dómi þann 16. febrúar 2024, um að ógilda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í heild sinni. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem mun taka málið fyrir.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn taldi háttsemi félagsins í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar sem staðfesti niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar og hækkaði sektina aftur í 9 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Hæstaréttar en rétturinn ómerkti niðurstöðu Landsréttar og héraðsdóms og vísaði málinu aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar. Héraðsdómur skilaði dómsúrlausn og staðfesti meint brot en felldi niður sektina á þeim grundvelli að lagaheimild skorti til að sekta. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. vegna árána 2015-2017. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar en þann 19. febrúar 2024 dæmdi héraðsdómur Símann til þess að greiða Sýn 16,5 m.kr. í skaðabætur, auk dráttarvaxta frá 7. apríl 2020. Sýn hefur áfrýjað málinu til Landsréttar. Sýn stefndi Símanum einnig til greiðslu fjárhæðar 270 m.kr. vegna árána 2018-2019. Síminn skilaði greinargerð þar sem málatilbúnaði Sýnar var hafnað.

Staða eftirfarandi mála er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2023.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn hefur áfrýjað málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekkt. Félagið hefur greitt fjárhæðina en ekki gjaldfært í rekstri.

Árið 2019 sendi Gagnaveita Reykjavíkur (nú Ljósleiðarinn) Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Ljósleiðarans að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða.

PFS og Sýn hafa ennfremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 m.kr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árslutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Ársfjórðungsfirli

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2024	2 F 2024	Samtals
Sala	6.417	6.708	13.125
Kostnaðarverð sölu	(4.180)	(4.527)	(8.707)
Framlegð	2.237	2.181	4.418
Aðrar rekstrartekjur	158	163	321
Rekstrarkostnaður	(1.964)	(1.708)	(3.672)
Rekstrarhagnaður	431	636	1.067
Hrein fjármagnsgjöld	(195)	(320)	(515)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	236	316	552
Reiknaðir skattar	(65)	(72)	(137)
Hagnaður tímabilsins	171	244	415
EBITDA	1.435	1.726	3.161

	1 F 2023	2 F 2023	3 F 2023	4 F 2023	Samtals
Sala	6.153	6.117	6.329	6.468	25.067
Kostnaðarverð sölu	(4.155)	(4.110)	(4.113)	(4.119)	(16.497)
Framlegð	1.998	2.007	2.216	2.349	8.570
Aðrar rekstrartekjur	145	166	172	191	674
Rekstrarkostnaður	(1.825)	(1.811)	(1.623)	(1.906)	(7.165)
Rekstrarhagnaður	318	362	765	634	2.079
Hrein fjármagnsgjöld	(1)	(145)	(126)	(120)	(392)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	317	217	639	514	1.687
Reiknaðir skattar	(71)	(38)	(132)	(100)	(341)
Hagnaður tímabilsins	246	179	507	414	1.346
EBITDA	1.315	1.410	1.811	1.614	6.150